

Frjómælingar á Akureyri og í Garðabæ í júní 2023

Fréttatilkynning frá Náttúrufræðistofnun Íslands, 5. júlí 2023

Akureyri. Frjókorn voru nær samfelld á lofti allan júnímánuð á Akureyri, en engin frjókorn mældust þó síðustu tvo dagana. Heildarfrjöldi þeirra var 419 frjóm³. Það er vel undir meðaltali árána 1998–2022 sem er 736 frjóm³. Óvenjulítið hefur mælst af frjókornum það sem af er ári miðað við fyrri ár.


Flest frjókornanna í júní voru grasfrjó eða 167 frjóm³ og fór frjótalan hæst í 32 frjóm³ laugardaginn 24. júní. Meðalfjöldi grasfrjóa í júní er 102 frjóm³. Frjótími grasa hófst í byrjun júní og búast má við hærri frjótölum í júlí og ágúst.

Næstalgengust frjókorna í júní voru furufrjó og var heildarfrjótala þeirra 42 frjóm³. Hæst fór frjótala þeirra í 17 frjóm³ þann 9. júní.

Birkifrjó mældust aðeins 23 frjóm³ en meðaltalið fyrir júní er 363 frjóm³. Frjótíma birkis er nú lokið og alls mældust 73 frjóm³ sem er einungis um 10% af meðaltali árána 1998–2022 (713 frjóm³).

Aðrar frjógerðir sem mældust af einhverju ráði á Akureyri í júní voru súrufrjó (29 frjóm³), starufrjó (28 frjóm³) og netlufurjó (27 frjóm³). Alls greindust 17 frjógerðir.

Akureyri – Júní 2023



Myndritið sýnir birki- gras- og súrufrjó ásamt heildarfrjótölu í júní á Akureyri. Frjótala grasa fór mest í 32 frjóm³ þann 24. júní. Birkifrjó fóru hæst í 5 frjóm³ þann 11. júní. Heildarfrjótala var hæst 63 frjóm³ á þjóðhátíðardaginn 17. júní (aðallega gras- og netlufurjó). **Frjótala** er mælieining fyrir fjölda frjókorna í andrúmsloftinu og segir okkur hver meðalfjöldi frjókorna var í einum rúmmetra lofti viðkomandi sólarhring.



Garðabær. Frjókorn voru nær samfelld í lofti allan mánuðinn. Heildarfjöldi frjókorna í mánuðinum var 330 frjó/m³, vel undir meðallagi, en meðalfjöldi frjókorna í júní árin 2011–2022 er 1162 frjó/m³.

Frjótíma birkis er nú lokið og aldrei hafa mælst eins fá birkifrjó og í ár. Frjótala þeirra var einungis 23 frjó/m³ í júní. Meðaltal síðustu 12 ára í júní er 431 frjó/m³.

Grasfrjó mældust fyrst 13. júní og hæst fóru þau í 14 frjó/m³ þann 30. júní. Alls mældust þau 62 frjó/m³ og hafa einungis einu sinni áður mælst svo fá, það var árið 2011. Meðaltal þeirra fyrir júní er 305 frjó/m³.


Furufrjó mældust í nokkru magni í Garðabæ. Heildarfrjótala þeirra var 126 frjó/m³, tæpur helmingur af öllu frjómagni í júní, og fór frjótalan hæst í 53 frjó/m³ þann 20. júní.

Súrufrjó mældust 11 frjó/m³, vel undir meðaltalinu sem er 26 frjó/m³.

Aðrar frjógerðir í júní voru helstar: frjó netlu (32), starufrjó (16) og yllifrjó (12). Alls greindust 17 frjógerðir í júní.

Líkt og á Akureyri má búast við að grasfrjó mælist hærri í júlí og ágúst ef veðurskilyrði eru hagstæð.

Garðabær – Júní 2023



Myndritið sýnir birki- gras- og súrufrjó ásamt heildarfrjótölu í júní í Garðabæ. Grasfrjó fóru hæst í mánuðinum í 14 frjó/m³ þann 30. júní. Lítið mældist af birkifrjóum í júní og fór frjótala súru hæst í 6 frjó/m³ þann 4. júní. **Frjótala** er mælieining fyrir fjölda frjókorna í andrúmsloftinu og segir okkur hver meðalfjöldi frjókorna var í einum rúmmetra lofti viðkomandi sólarhring.

Vinsamlega hafið samband við undirritaða ef óskað er frekari upplýsinga.

Garðabær, 5. júlí 2023

Ellý Guðjohnsen
Netfang elly@ni.is
www.ni.is

